

Fimmtudaginn 5. maí 1955.

Nr. 53/1955. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

gegn

Borgardómaranum í Reykjavík.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Synjað um útgáfu stefnu í ógildingarmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 217. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar með kæru 4. apríl þ. á. úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn sama dag, en með úrskurði þessum var sóknaraðilja synjað um heimild til útgáfu á ógildingarstefnu. Barst kæran til Hæstaréttar hinn 15. f. m.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og honum heimilað að gefa út stefnu til ógildingar veðskuldabréfi því, sem í hinum kærða úrskurði greinir.

Borgardómarinn í Reykjavík hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð í málinu.

Beiðni sóknaraðilja til borgardómarans í Reykjavík, dags. 23. marz s.l., um útgáfu ógildingarstefnu fylgdi endurrit úr afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur af veðskuldabréfi því, er ógilding skyldi taka til. Er veðskuldabréfið að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefið 24. júní 1944 af Ísak Jónssyni til handhafa. Til tryggingar skuldinni veðsetur nefndur Ísak Jónsson „húseign mína, Hjarðarholt við Langholtsveg, ásamt með tilheyrandi erfðafestulandi og mannvirkjum á eigninni“.

Í beiðni sóknaraðilja til borgardómarans er þess getið, að við framtal eigna samkvæmt II. kafla laga um eignakönnun nr. 67/1947 hafi enginn talið sér bréf þetta til eignar. Þá hafi framtalsnefnd, er skipuð var samkvæmt nefndum lögum, birt innköllun á bréfinu í 59. tölublaði 42. árgangs Lögbirtingablaðs, sem út kom hinn 17. september 1949, en enginn lýst bréfinu samkvæmt þeirri innköllun.

Við athugun á nefndu tölublaði Lögbirtingablaðsins kemur í ljós, að þar er ekki talið með í innköllunartilkyningu

neitt veðskuldabréf með veði í Hjarðarholti við Langholtsveg. Hins vegar er þar talið veðskuldabréf að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefið til handhafa 24. júní 1944 með veði í „Þvottal.bl. XXX“ og eigandi veðs talinn Bergþór N. Magnússon. Nú hefur verið lagt fram í Hæstarétti í kærumáli þessu af hálfu sóknaraðilja vottorð borgarstjórans í Reykjavík, dags. 28. apríl s.l., þar sem því er lýst, að húsið Hjarðarholt við Langholtsveg standi á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXX, þinglesinni eign Bergþórs Magnússonar. Má því ætla, að bréf það, sem greinir í innkölluninni, sé hið sama og það, sem sóknaraðili vill nú fá ógilt með dómi, en þar sem veðinu er lýst á allt annan veg í innkölluninni en í bréfinu sjálfu, þá verður að telja innköllunina svo ófullnægjandi og villandi, að sóknaraðili eigi ekki rétt til að fá gefna út ógildingarstefnu á grundvelli hennar. Þykir því bera að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. apríl 1955.

Með bréfi, dags. 23. f. m., hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs farið þess á leit, að gefin verði út stefna til ógildingar á veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefnu 24. júní 1944 af Ísak Jónssyni til handhafa, en veðskuldabréf þetta var tryggt með 5. veðrétti í húseigninni Hjarðarholti við Langholtsveg hér í bænum ásamt tilheyrandi erfðafestulandi og mannvirkjum á eigninni.

Skýrir fjármálaráðherra svo frá, að við framtal eigna samkvæmt lögum um eignakönnun nr. 67 frá 1947 hafi enginn talið sér bréf þetta til eignar. Eigandi bréfs þessa hafi ekki heldur gefið sig fram síðar, þrátt fyrir innköllun framtalsnefndar, sem birt var í Lögbirtingablaðinu 17. september 1949. Með vísan til þessa og ákvæða 40. gr. laga nr. 67 frá 1947 telur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, að bréf þetta hafi orðið hans eign, en þar sem hann hafi ekki í höndum frumrit þess, beri honum nauðsyn til að fá það ómerkt með dómi, svo að hann geti neytt eignarréttar síns samkvæmt því.

Í 3. mgr. 40. gr. laga nr. 67 frá 1947 segir svo: „Eftir að tilkynningarfrestur er liðinn, skal birta opinbera innköllun til eigenda verðbréfa, sem ekki hafa verið tilkynnt. Innköllunarfrest ákveður framtalsnefnd. Ef eigandi bréfs kemur ekki fram samkvæmt inn-

kölluninni innan loka innköllunarfrests, fellur verðbréfið ásamt vöxtum og arði eða andvirði þess, óskert í ríkissjóð.“

Ekki verður talið, að lagaákvæði þetta eitt út af fyrir sig veiti fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs fulla eignarheimild að fyrrgreindu veðskuldabréfi, enda þótt eigandi þess hafi ekki gefið sig fram. Þá eru og engin rök að því leidd, að frumrit bréfs þessa sé glatað eða horfið.

Þegar þetta er virt, þykja ekki efni til að leyfa útgáfu stefnu til ógildingar á fyrrgreindu veðskuldabréfi.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Synjað er um leyfi til útgáfu stefnu til ógildingar á framan-
greindu veðskuldabréfi.

Fimmtudaginn 5. maí 1955.

Nr. 87/1954. **Magnús Vigfússon** (Kristinn Gunnarsson hdl.)
gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Jónas Thoroddsen hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um ábyrgð Reykjavíkurbæjar vegna váttryggingar húseigna
í bænum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1954 og fengið gjafsókn í því. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 12.581.61 eða til vara aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 17. nóvember 1946 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.